

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 325/1994.

Andri hf.

Guðjón Oddsson

Gunnar Ólafsson

Haraldur Haraldsson

Jóhann J. Ólafsson

Jón Ólafsson

Sigurður G. Guðjónsson

Sigurjón Sighvatsson

Útherji hf.

V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf.

Þorri hf. og

Þorvaldur K. Þorsteinsson

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Jóhannesi Torfasyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Lögbann. Hlutfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1994, sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir sýslumanninn á Blönduósi að leggja lögbann við því, að varnaraðili hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign hans í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign hans nemur nú samtals átján hundruð og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnaraðili ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila. Einnig er þess krafist, að lagt verði fyrir sýslumanninn að taka afstöðu til þess, um leið og

lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta var munnlega flutt samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eftir uppsögu hans 24. júní sl. var boðað til hluthafafundar 2. júlí. Þar var umboð þáverandi stjórnar félagsins afturkallað og ný stjórn kjörin. Hluthafafundur var haldinn á ný 13. júlí, og voru þar samþykktar svofelldar tillögur meiri hluta stjórnarmanna:

„1. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun á sölu hlutabréfs Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf., sem samþykkt var á stjórnarfundum félagsins þann 10. júní 1994.

2. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun starfslokasamnings Íslenska útvarpsfélagsins hf. við Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra félagsins.

3. Hluthafafundurinn samþykki, að Íslenska útvarpsfélagið hf. hafi uppi skaðabótakröfu á hendur fyrrum stjórnarmönnum félagsins sem stóðu að ákvörðun um sölu hlutabréfs félagsins í Sýn hf. og starfslokasamningi við fyrrum útvarpsstjóra, þeim Ingimundi Sigfússyni, Jóhanni Óla Guðmundssyni, Ásgeiri Bolla Kristinssyni, Stefáni Gunnarssyni, Þorgeiri Baldurssyni, fyrrum varastjórnarmönnum Gunnsteini Skúlasyni og Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni, fyrrum útvarpsstjóra, vegna þess tjóns sem félagið kann að hafa orðið fyrir eða kann að verða fyrir vegna sölu hlutabréfsins og starfslokasamningsins.“

II.

Að hlutafélagalögum nr. 32/1978 fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því, sem lög og samþykktir þess ákveða, og fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum, sbr. 63. gr. laganna. Fundir þessir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörð-

unarvaldi sínu. Hluthafafundur getur tekið fyrir sérhvert málefni, sem félagið varðar, og gert um það ályktun, og ber þá stjórn félagsins að fara eftir því. Félagsstjórn ber að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins, sbr. 60. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.“

Stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafði í júlí 1993 að fyrirlagi útvarpsréttarnefndar boðið hluthöfum félagsins til kaups 80% hlutafjáreignar félagsins í Sýn hf. í hlutfalli við hlutafjáreign viðkomandi í hinu fyrrnefnda félagi. Salan fór fram, og var enginn ágreiningur um hana meðal hluthafa. Engin ákvörðun var tekin um að selja þau 20%, sem félagið átti enn eftir í Sýn hf., og verður ekki séð, að slík ráðstöfun hafi verið til umræðu í félaginu. Meiri hluti stjórnar félagsins hugðist taka þá ákvörðun á stjórnarfundi 10. júní sl. að selja þessa hlutafjáreign félagsins í Sýn hf. og bjóða ekki kaupin eftir sömu jafnræðisreglu og gætt hafði verið við sölu á þeim 80%, sem seld höfðu verið árið áður. Þessarar fyrirhuguðu ráðstöfunar, sem telja verður mikilvæga, var þó ekki getið í dagskrá, sem boðað var með til fundarins.

Á stjórnarfundi þessum lá fyrir, að skilyrðum 68. gr. hlutafélagalaga um hluthafafund var fullnægt, þar sem krafa um slíkan fund frá hluthöfum, sem réðu yfir meira en 10% hlutafjár, var fram komin.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeir, sem kröfðust þess að fá málefnið um sölu hlutabréfaeignarinnar tekið fyrir á hluthafafundi samkvæmt 69. gr., hafi átt rétt á því. Er þá einkum litið til þess, að sala hlutabréfanna samkvæmt fram komnum tilboðum gat verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 60. gr. laganna. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þess, hvað viðsejendur um hlutabréfin vissu eða máttu vita um heimildir stjórnarinnar til ráðstöfunar bréfanna.

Samkvæmt þessu verður að telja skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fullnægt, til þess að lögbannskrafa sóknaraðila megi ná fram að ganga, enda eiga ákvæði 3. mgr. 24. gr. ekki við í máli þessu. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og taka kröfur sóknaraðila til greina.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilum 40.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Lagt er fyrir sýslumanninn á Blönduósi að leggja lögbann við því, að varnaraðili máls þessa, Jóhannes Torfason, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjäreign hans í Sýn hf. samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjäreign hans nemur nú samtals átján hundruð og fimmtíu þúsund hlutum, og ráðstafi hlutafjäreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Enn fremur er lagt fyrir sýslumanninn á Blönduósi að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður á lagt, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum, Andra hf., Guðjóni Oddssyni, Gunnari Ólafssyni, Haraldi Haraldssyni, Jóhanni J. Ólafssyni, Jóni Ólafssyni, Sigurði G. Guðjónssyni, Sigurjóni Sigvatssyni, Útherja hf., V. Sigurðssyni og Snæbjörnssyni hf., Þorra hf. og Þorvaldi K. Þorsteinssyni, 40.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. júní 1994.

I.

Ár 1994, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara í réttarsal dómsins að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kveðinn upp úrskurður í héraðsdómsmálinu nr. K-1/1994.

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 21. þ. m.

Sóknaraðilar málsins eru Andri hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík, V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf., kt. 670269-3889, Sundaborg 14, Reykjavík, Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, Stigahlíð 82, Reykjavík, Guðjón Oddsson, kt. 200639-7319, Birkihæð 10, Garðabæ, Sigurjón Sighvatsson, kt. 150652-2789, North Avenue, L. A., Kaliforníu, Bandaríkjunum, Jóhann J. Ólafsson, kt. 080435-7469, Kleifarvegi 5, Reykjavík, Haraldur Haraldsson, 131144-2459, Eyktarási 26, Reykjavík, Sigurður G. Guðjónsson, kt. 081151-3189, Lækjarási 7, Reykjavík, Útherji hf., kt. 570792-2459, Lækjarási 7, Reykjavík, Porri hf., kt. 480289-1029, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, Gunnar Ólafsson, kt. 190838-4399, Eikjuvogi 13, Reykjavík, og Porvaldur K. Þorsteinsson, kt. 051151-2679, Reynihlíð 9, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Jóhannes Torfason, kt. 110445-3189, Torfalæk 2, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

II.

Dómkröfur sóknaraðila.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu 14. júní 1994 að hafna kröfum gerðarbeiðanda um lögbann verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sýslumanninn að leggja lögbann við því, að varnaraðili hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjäreign hans í Sýn hf., kt. 520276-0109, Reykjavík, samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjäreign nemur einni milljón átta hundruð og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnaraðili ráðstafi hlutafjäreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Þá er þess og krafist, að lagt verði fyrir sýslumann að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Loks krefjast sóknaraðilar málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins á Blönduósi um synjun lögbanns í lögbannsmálinu nr. 1/1994 verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins, þar með talinn kostnaður vegna málsmeðferðar hjá sýslumanni.

Málavextir.

Sóknaraðilar eru allir hluthafar í Íslenska útvarpsfélaginu hf., og kveðast þeir eiga samtals meiri hluta hlutafjár félagsins. Undanfarnar vikur hafa verið deilur innan félagsins. Sóknaraðilar hafa lýst yfir, að þeir standi sameiginlega að myndun nýs meiri hluta í félaginu, og hafa krafist hluthafafundar, svo að unnt verði að leysa núverandi stjórn félagsins frá störfum og mynda nýja.

Hinn 7. júní var boðað til stjórnarfundar í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Samkvæmt fundarboði var dagskrá fundarins þessi: 1. Fundargerð síðasta fundar. 2. Boðun hluthafafundar. 3. Önnur mál.

Á boðuðum stjórnarfund, sem haldinn var 10. júní sl., en þar var mætt fullskipuð stjórn félagsins að undanskildu því, að Sigurður G. Guðjónsson, varamaður í stjórn, tók sæti Jóns Ólafssonar, ákvað meiri hluti stjórnar að selja Ólafi Njáli Sigurðssyni hlutabréf í Sýn hf., að nafnverði 700.000 kr., Sólningu hf. hlutabréf að nafnverði 700.000 kr. og Dekkjahúsinu hlutabréf að nafnverði 600.000 kr. Öll voru bréfin seld á nafnverði. Fyrir fundinum lá tilboð nefndra kaupenda í hlutabréfin, dags. 1. júní sl. Á fundinum komu fram mótmæli við sölu bréfanna, en þau voru ekki tekin til greina og salan samþykkt með fimm atkvæðum af sjö.

Með þessari sölu var búið að selja öll hlutabréf Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf. Selt hlutafé nemur 20 af hundraði hlutafjár í Sýn hf.

Síðar sama dag, þ. e. 10. júní sl., framseldu kaupendur hlutabréfanna varnaraðila máls þessa hlutafé að nafnverði 1.850.000 kr.

Hinn 14. júní sl. hafnaði sýslumaðurinn á Blönduósi lögbannskröfu sóknaraðila. Kröfur sóknaraðila í lögbannsmálinu voru efnislega þær sömu og í máli þessu, nema hvað ekki var krafist málskostnaðar.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðilar byggja málatilbúnað sinn á því, að stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hafi verið óheimilt að ráðstafa nefndum hlutabréfum með þeim hætti, sem gert var. Á fundinum hafi komið fram skrifleg krafa um, að ráðstöfun umrædds hlutafjár yrði tekin á hluthafafundi. Ráðstöfun hlutafjárins með þeim hætti, sem gert var, stangist á við 69. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978.

Þá hafi stjórn félagsins verið óheimilt að ráðstafa hlutafénu, þar sem fundarboð bar ekki með sér, að slíka ákvörðun ætti að taka á fundinum. Með því að taka málið engu að síður til afgreiðslu hafi stjórn félagsins brotið gegn viðurkenndum meginreglum félagaréttar.

Einnig hafi ákvörðun stjórnarmanna, sem allir séu hluthafar í Íslenska

útvarpsfélaginu hf. og Sýn hf., verið óheimil samkvæmt 60. og 61. gr. nefndra hlutafélagalaga að ráðstafa bréfunum með fyrrgreindum hætti. Ráðstöfunin hafi bersýnilega verið til þess fallin að raska valdahlutföllum í Sýn hf. og til þess fallin, að ákveðnir hluthafar í Íslenska útvarpsfélaginu hf. næðu meiri hluta í Sýn hf. Þá séu kaupendur bréfanna tengdir meiri hluta stjórnarinnar, og þannig sé salan andstæð 56. gr. hlutafélagalaga.

Augljóst sé, að framsal hlutabréfanna sé málamyndagerningur, til þess fallinn að hindra, að lögmætt réttarástand komist á, fallist dómstólar á, að upphaflegt framsal bréfanna hafi verið ólögmætt. Ástæða sé til að ætla, að viðsemjendur varnaraðila séu reiðubúnir að beita öllum ráðum til að varna því, að lögmætt ástand komist á. Af þessum sökum sé nauðsynlegt, að lögbann verði lagt við hagnýtingu hlutabréfsins og ráðstöfun þess, meðan beðið er eftir niðurstöðu um lögmæti upphaflega framsalsins.

Sóknaraðilar telja augljóst, að varnaraðili geti ekki öðlast betri rétt en viðsemjendur hans höfðu til bréfsins, þar sem framsal til varnaraðila hafi augljóslega verið til málamynda. Hagnýting varnaraðila á þeim rétti, sem hlutabréfinu fylgi, og/eða framsal þess til annarra aðila brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Sóknaraðilar telja augljóst, að hagnýting bréfsins sé yfirvofandi og því sé þeim nauðsynlegt, að lögbannskrafa þeirra verði tekin til greina.

Sóknaraðilar byggja einnig á því, að hagsmunir þeirra af því, að lögbannskrafa þeirra nái fram að ganga, séu mun meiri en hagsmunir varnaraðila af því, að synjað verði um lögbann. Í þessu sambandi verði að líta til réttarstöðu aðila, eins og hún var, áður en umþrætt hlutabréf var framselt til viðsemjenda varnaraðila. Þá hafi réttarstaðan verið sú, að hlutafjáreign Íslenska útvarpsfélagsins í Sýn var 20 af hundraði, og þannig skyldi það vera áfram, en um það hafi ekki verið ágreiningur. Ráðstöfun hlutabréfanna raski aftur á móti valdahlutföllum í Sýn hf. og gefi ákveðnum aðilum möguleika á að komast í meirihlutaðstöðu í Sýn hf. Sóknaraðilar benda á, að stjórnarformaður Íslenska útvarpsfélagsins hafi ritað hluthöfum í félaginu bréf og boðið þeim að kaupa hlut félagsins í Sýn hf. og ætlunin hafi verið, að verðmæti þau, sem í hlutabréfunum í Sýn hf., umfram nafnverð, fólust, færu í hendur réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska útvarpsfélagsins hf. Sala hlutabréfanna til viðsemjenda varnaraðila hafi verið brot á loforði því, sem í bréfi stjórnarformannsins fólst.

Sóknaraðilar telja nauðsynlegt, að lögbannið nái til ráðstöfunar og hagnýtingar réttinda samkvæmt hlutabréfinu til að koma í veg fyrir, að því verði ráðstafað til þriðja aðila, en lögbann við hagnýtingu væri haldlaust, ef ekki fengist lögbann við framsali.

Sóknaraðilar telja varnaraðila ekki treystandi til að hafa hlutabréfið undir höndum og því sé gerð krafa um, að lagt verði fyrir sýslumanninn á Blönduósi að taka afstöðu til þess, hvort umrætt hlutabréf skuli tekið úr höndum varnaraðila.

Sóknaraðilar eru ósamþykkir rökum sýslumannsins á Blönduósi, að ekki verði séð, með hverjum hætti ráðstöfun og hagnýting varnaraðila á bréfinu geti farið í bága við hagsmuni þeirra. Þeir telja, að t. d. áframhaldandi framsal bréfsins fari í bága við rétt sinn, og þá telja þeir, að hlutabréfið sé í raun illa fengið. Sóknaraðilar telja, að refsí- og bótaábyrgð veiti þeim ekki nægjanlega vernd, en ef til ábyrgðar komi, haldist hið ólögmeta ástand, og ætlunarverk viðsejenda varnaraðila hafi þar með tekist.

Kröfu um málskostnað byggja sóknaraðilar á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um heimild til að bera mál þetta undir héraðsdóm vísa sóknaraðilar til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1991.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfu sína um, að lögbann nái ekki fram að ganga, á því, að hann hafi í höndum viðskiptabréf, sem hafi verið framselt honum á lögmætan hátt af til þess bærnum aðilum. Samkvæmt samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. þurfi fjóra stjórnarmenn til að skuldbinda félagið, þ. m. t. til að veðsetja eignir þess. Undir upphaflega framsalið hafi ritað fimm af sjö stjórnarmönnum í félaginu. Samkvæmt nefndum samþykktum fari stjórn félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Þá mótmælir hann þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að hér sé um málamyndagering að ræða.

Þá byggir varnaraðili á því, að skilyrði 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990 séu ekki fyrir hendi og því beri að hafna lögbanni. Ekki hafi verið sýnt fram á, að einhver athöfn, sem brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila, sé byrjuð eða yfirvofandi af hans hálfu. Þá hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á, að þeir eigi einhverra lögvarinna hagsmuna að gæta af því, að hann nýti sér ekki rétt sinn samkvæmt hlutabréfinu. Sóknaraðilum hafi ekki tekist að sýna fram á, að einhverjir hagsmunir þeirra muni fara forgörðum, ef þeir þurfi að bíða dóms í máli sínu gegn upphaflegum framseljendum bréfsins. Varnaraðili telur réttindi sóknaraðila nægjanlega tryggð með reglum um refsí- og skaðabætur.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Við úrlausn málsins ber að hafa í huga, að með 24. gr. laga nr. 31/1990 voru kröfur um sönnun fyrir því, að athöfn eða yfirvofandi athöfn gerðar-

pola myndu brjóta gegn hagsmunum gerðarbeiðanda, hertar verulega, og hefur sönnunarbyrðinni um þetta atriði nánast verið snúið við frá tíð eldri laga.

Mál þetta er í raun angi af stærra máli, sem verið hefur í gangi milli sóknaraðila og annarra hluthafa í Íslenska útvarpsfélaginu hf., en sóknaraðilar fullyrða, að þeir hafi myndað nýjan meiri hluta í Íslenska útvarpsfélaginu hf., og hefur þeirri fullyrðingu ekki verið mótmælt, og metur dómurinn það svo, að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þeirra deilna, þegar komist er að niðurstöðu í máli þessu.

Sóknaraðilar málsins halda því fram, að upphaflegt framsal hlutabréfsins hafi verið ólögmætt og þeir hafi í hyggju að fá framsalið ógilt með dómi, svo að meiri hluti sá, sem nú hefur verið myndaður í Íslenska útvarpsfélaginu hf., fari einnig með meiri hluta í Sýn hf.

Umþrætt hlutabréf er 18,5 af hundraði hlutafjár í Sýn hf., sem upphaflega var allt í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf., en vegna kröfu útvarpsréttarnefndar varð félagið að selja 80 hundraðshluta í Sýn hf. Með nokkrum rétti má halda því fram, að framsal þetta teljist því mikilvæg ákvörðun í skilningi 1. mgr. 55. gr. hlutafélagalaga. Ákvörðun um framsal hlutabréfsins var tekin á stjórnarfundi, þar sem allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra voru mættir, og höfðu þeir því tök á að fjalla um málið eins og gert er ráð fyrir í nefndri 55. gr. hlutafélagalaga. Í samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. eru ekki ákvæði um, að til stjórnarfundar skuli boðað með dagskrá, og slík ákvæði finnast ekki heldur í hlutafélagalögum.

Stjórnarmönnum þeim, sem stóðu að upphaflegu framsali hlutabréfanna, má hafa verið ljóst, að þeir nytu ekki stuðnings meiri hluta hluthafa í félaginu. Hins vegar verður að horfa til þess, að hlutabréfið er framselt með lögformlegum hætti og stjórnin hafði til þess formlega heimild. Krafa sóknaraðila um boðun hluthafafundar og krafa þeirra um, að beðið yrði með ákvörðun um framsal, breytir ekki þessari formlegu heimild stjórnarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ráðstöfun stjórnarinnar hafi verið til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum hagsmuna á kostnað annarra hluthafa, svo að til ógildingar á samningnum geti leitt, eða að þeir stjórnarmenn, sem stóðu að ákvörðuninni, hafi haft svo verulegra hagsmuna að gæta af sölu hlutabréfanna umfram aðra hluthafa, að þeir teljist vanhæfir til að standa að ákvörðun þessari. Þá ber að horfa til þess, að varnaraðili fékk hlutabréfið ekki framselt frá sóknaraðilum, og hafa í raun engin rök verið færð fram fyrir því, hvaða lögvarða hagsmuni sóknaraðilar hafa af því, að varnaraðili geti ekki nýtt sér réttindi sín skv. hlutabréfinu.

Gegn mótmælum varnaraðila þykja sóknaraðilar ekki hafa sýnt fram á, að framsalið til varnaraðila hafi verið málamyndageringur.

Hagsmunir sóknaraðila eru fyrst og fremst fjárhagslegir, en ekki verður séð, að þeir eigi lögvarða hagsmuni af því að fara með meiri hluta í Sýn hf., enda getur sá meiri hluti verið breytilegur frá einum tíma til annars. Þá hefur sóknaraðilum ekki tekist að gera nægjanlega sennilegt, að ákvæði hlutafélagalaga, sérstaklega 56., 60., 61. og 69. gr., leiði til þess, að upphaflegur framsalssamningur hlutabréfsins sé ógildur eða að varnaraðili hafi verið grandsamur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki séð, að brotið hafi verið gegn neinum þeim réttindum sóknaraðila, sem ekki verða bætt með skaðabótum úr hendi þeirra aðila, sem ákváðu að framselja hlutabréf félagsins í Sýn hf., sbr. 132. gr. hlutafélagalaga.

Með vísan til alls þessa er skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann o. fl. ekki fullnægt, og ber því að staðfesta ákvörðun sýslumanns.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er haft í huga, að lögmaður varnaraðila þurfti vegna málareksturs þessa að fara tvær ferðir úr Reykjavík og norður í land.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins á Blönduósi er staðfest.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðila 150.000 kr. í málskostnað.
